

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarsal mennta- og menningarmálaráðuneytisins miðvikudaginn 30. janúar 2020 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Ásgrímur Angantýsson, Kristín Margrét Jóhannsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Dagný Heiðdal, Jóhann R. Kristjánsson, Luciano Dutra, Hjörtur Hjartarson, Hafsteinn Karlsson, Svanhildur Sverrisdóttir og Guðrún Baldvinsdóttir. Steinunn Stefánsdóttir boðaði forföll. Sölvi Björn Sigurðsson og Sverrir Árnason voru fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Stefna og störf málnefndarinnar 2020-2024

Ármann Jakobsson setti fundinn og kynnti starf Íslenskrar málnefndar. Íslensk málnefnd er 16 manna nefnd, skipuð til fjögurra ára og fundar að jafnaði tvisvar á ári. Kosin er stjórn sem fundar að jafnaði 10 sinnum á ári. Stjórnin sér um daglegt starf nefndarinnar en mikilvægustu ákvarðanir eru sendar til allrar nefndarinnar. Íslensk málnefnd hefur ýmis hlutverk. Hún semur árlega ályktun um stöðu íslenskrar tungu og heldur a.m.k. eitt málþing. Hún sinnir ýmsum erindum sem henni berast og tekur upp mál að eigin frumkvæði, sendir ábendingar og tekur við ábendingum. Eitt af verkefnum hennar er að gefa úr ritreglugl og er mennta- og menningarmálaráðuneyti ætlað að sjá um kynningu á þeim. Á síðasta ári var mjög jákvæð þróun í starfi málnefndarinnar þegar samþykkt var þingsályktunartillaga um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (<https://www.althingi.is/altext/149/s/1750.html>). Sú tillaga er að verulegu leyti unnin upp úr ályktunum Íslenskrar málnefndar um stöðu tungunnar.

Veigamesta hlutverk málnefndarinnar er að semja íslenska málstefnu. Meðal verkefna á þessu kjörtímabili er að endurskoða málstefnuna sem samþykkt var 2009. Umræður urðu um hugsanleg áhersluatriði fyrir næsta kjörtímabil. Einkum var rætt um samfélagsleg viðhorf til tungumálsins, íslenskukennslu í skólum og nauðsyn þess að hafa opna vefgátt með fjölbreyttum gögnum um íslensku.

2. Kosning í stjórn

Í stjórn Íslenskrar málnefndar voru kjörin:

Ásgrímur Angantýsson
Steinunn Stefánsdóttir
Anna Sigríður Þráinsdóttir

Kjörnir varamenn eru:

1. Luciano Dutra
2. Svanhildur Sverrisdóttir
3. Jóhann R. Kristjánsson

3. Önnur mál

Gert er ráð fyrir að næsti fundur Íslenskrar málnefndar verði haldinn í maí.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.30.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.